

Arðsemi áframeldis á þorski Helstu áhrifaþættir

Sverrir Haraldsson,
framkvæmdastjóri Þórodds ehf. Tálknafirði
Djúpavogi 11. september

Innihaldslýsing


- Um arðsemi þorskeldis.
- Hverjir eru helstu áhrifaþættir á arðsemi?
 - Hver er staða þeirra og hverjar eru horfurnar?
 - Hvaða þættir eru mikilvægastir?
- Hvað geta menn haft áhrif á og hvað ekki?
- Helstu styrkleikar/veikleikar/ógnarnir/tækifæri
 - Hvaða stefnu er hægt að taka á þeim tímamótum sem greinin er á.

Arðsemi þorskeldis

- Þorskeldi þarf eins og aðrar atvinnugreinar að skila arðsemi ef fjármagn á að fást.
- Hér er fyrst og fremst talað út frá áframeldi á Íslandi.
- Erfitt hefur verið að skilgreina hver sé raunhæf ávöxtunarkrafa sem hægt er að gera og meta arðsemi fjárfestinga í áframeldi.
 - Menn hafa verið að ná tökum á eldinu.
 - Náttúrulegar sveiflur skapa mikla óvissu.
 - Ný tækni er að koma til en óvissa er oft um árangur.
 - Í áframeldi eru veiðiheimildir stærsti óvissuþátturinn.
 - Aðeins hefur verið hægt að gera áætlanir til skamms tíma, óvissa getur verið um úthlutun hvert ár og óvíst er hvert verður áframhald þorskeldiskvótaverkefnisins.

Arðsemi þorskeldis

- Áframeldið er enn í þróunarfasa og kostnaður sem hlutfall af tekjum er hár



- Svona hefur dæmið litið út lengi en þróunin hefur verið í rétta átt.
- Menn hafa náð að draga eitthvað úr kostnaði og hagræða en batinn er þó aðallega tekjumegin vegna hærra fiskverðs
- Hvernig skyldi þá útlitið vera? Aukast tekjurnar enn? Lækkar kostnaðurinn?

Innra umhverfi áframeldis

- **Tækni – Eldistækni/veiðitækni**
 - Tæknin er að mörgu leyti enn mjög frumstæð þótt framfarir hafi orðið. Árangur við veiðar virðist t.d. oft byggjast meira á einstaklingum en almennri tækni.
 - Það er þó margt í pipunum og þróun á fóðri gæti breytt miklu.
 - Einnig er þróun að eiga sér stað í flutningi á lifandi fiski.
- **Skipulag og stjórnun**
 - Aukin aðlögun að markaði getur aukið verðmæti.
 - Aukin reynsla af veiðum og eldi leiðir til betri ákvarðanatöku og minni kostnaðar.
- **Þekking**
 - Þekking á veiðiaðferðum, flutningi, eldi og umhverfi hefur aukist og mikið af upplýsingum eru orðnar aðgengilegar.

Ytra umhverfi áframeldis

- **Fiskverð**
 - Einn mikilvægasti áhrifaþátturinn
 - Fiskverð hefur hækkað mikið undanfarin 2 – 3 ár, bæði á hráefnis- og afurðamörkuðum. Gengi ISK hefur líka hjálpað mikið til
 - Ýmsir telja þó blikur á lofti með fiskverð, minni eftirspurn eftir dýrari vöru vegna efnahagssamdráttar í heiminum hafi mikil áhrif á íslenkan fisk.
- **Stjórnkerfi**
 - Veiðiheimildirnar eru annar mjög mikilvægur þáttur, aðgangur að veiðiheimildum er forsenda áframeldis
 - Ekki hægt að ganga að úthlutuðu magni vísu hvert ár.
 - Mun þurfa að kaupa/leigja heimildir í framtíðinni? Á hvaða verði?
 - Í áframeldi verða ekki til jaðartekjur vegna annarra tegunda eins og í hefðbundnum veiðum => Áframeldi er ekki samkeppnishæft um veiðiheimildir. Markaður með heimildir miðast ekki við beina sókn í þorsk.
 - Fara þarf varlega í breytingar á úthlutun aflaheimilda, aðlögun að nýju kerfi gæti verið mjög erfið og jafnvel útilokuð fyrir suma.

Ytra umhverfi áframeldis

- **Tækniþróun**
 - Unnið er að ýmsum verkefnum sem geta skila miklum framförum t.d. hjá MATÍS.
 - En hve langt er í að við sjáum verulega lægri framleiðslukostnað með betri tækni? Lifa allir þangað til?
- **Efnahagsþróun**
 - Neikvæð efnahagsþróun gæti skemmt mikið fyrir greininni.
 - Fjármagn er orðið mjög dýrt og sér ekki fyrir endann á ástandinu.
 - Áframeldi er fjármagnsfrekt eins og fiskeldi almennt.
 - Miklar kostnaðarhækkanir hafa verið á öllum aðföngum.
- **Náttúrulegar sveiflur**
 - Höfum t.d. fundið fyrir þeim í veiðunum
 - Náttúrulegar sveiflur verða alltaf til staðar
 - Hugsanlega væri hægt að laga margt betur að þeim, t.d. gæti meiri sveigjanleiki í kvótamálum hjálpað til. Væri e.t.v. betra að meta árangur yfir lengra tímabil en eitt ár.
 - Framboð af fóðri fer að mestu leyti eftir gangi uppsjávarveiða.

Samantekt

- **Styrkleikar**
 - Ýmsir hafa náð góðum tókum á veiðum, bæði magni og lifun.
 - Framfarir í flutningi lifandi fisks geta aukið möguleika í veiðum.
 - Mikill áhugi er innan greinarinnar á að bæta tækni og aðferðir.
 - Góð þekking er til staðar á hvítfiskmörkuðum og menn hafa getað aðlagð eldið að mörkuðum.
 - Almenn þekking á eldi hefur aukist hratt innan áframeldisgeirans

Samantekt

- **Veikleikar**

- Veiðitækni er enn að mörgu leyti frumstæð.
 - Veiði er mjög svæðisbundin.
 - Árangur í veiðum er að miklu leyti bundin við færin/pólmæði einstaklinga.
 - Miklar náttúrulegar sveiflur er í veiðum.
- (Veiðarnar eru stærsta vandamálið eins og komið hefur á daginn)
- Fóðurframboð er óstöðugt og mjög árstíðabundið.
 - Kostnaður við fóður og fóðrun er hár.
 - Lítið framleiðslumagn vegur upp fastan kostnað.

Samantekt

- **Ógnanir**

- Lækkandi fiskverð gæti orðið stærsta og áþreifanlegasta ógnin núna.
- Styrking krónunnar gæti líka haft mikil áhrif en það er ekki eins áþreifanlegt (þó umhugsunarvert).
- Skilyrði um kvótaframlag eldisfyrirtækja eða afnám eldiskvóta myndi auka kostnað mjög og gæti grundvöllur áframeldis gæti horfið.
- Tækniframfarir taka langan tíma.
- Óvissa um framtíðin fælr menn frá fjárfestingum í betri tækni.
- Langvarandi efnahagssamdráttur hér og erlendis mun verða greininni erfiður.

Samantekt

• Tækifæri

- Vinna að bættum gæðum og markaðsaðlögun til að halda afurðaverði háu.
- Er hægt að hraða tækniframförum? Með auknum opinberum stuðningi? Aukinni þátttöku eldisfyrirtækjanna.
- Halda þarf áfram þróun og þekkingaröflun, í veiðitækni, eldistækni, skipulagi og stjórnun. Þetta á sérstaklega við um það sem snýr að veiðum.
- Eyða þarf óvissu um veiðiheimildir og gera mönnum kleyft að gera langtímaáætlanir. Það er nauðsynlegt svo hægt sé að verja stærri fjárfestingar.
- Seiðaði/Aleldi. Stóru tækifærin eru þar, áframeldi verður alltaf mjög takmarkað af náttúrulegum orsökum. Spurningin er bara hvað mun það taka okkur langan tíma að færa okkur þangað.

Lokaorð

- Hér er alls ekki um tæmandi samantekt að ræða á áhrifaþáttum á arðsemi áframeldis.
- Þetta er innlegg inn í þá umræðu þarf að eiga sér stað
- Áframeldið er á tímamótum, þolinmótt fjármagn er orðið af mjög skornum skammti og krafan um arðsemi að verða mjög hávær.
- Framhald á úthlutun eldiskvóta brennur mjög á mönnum enda stutt eftir af núverandi tímabili – Hvað tekur við?
- Mikilvægt er vandað verði til ákvarðana um framhaldið og farið varlega í breytingar.
- Það er búið að leggja mikið í þróun þorskeldisins á Íslandi og möguleikar þess geta verið gríðarlegir í framtíðinni.
- Það er því afar mikilvægt að greinin stefni í rétta átt.

Takk fyrir